

Ed.

79. Frumvarp til laga

[72. mál]

um breyt. á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Aftan við 40. tölul. 1. gr. laganna kemur ný málsg., svolátandi:

Í Vestmannaeyjum skulu vera tveir þjóðkirkjuprestar. Kirkjumálaráðherra setur, að fengnum tillögum biskups, fyrir mæli um afstöðu þeirra hvors til annars, samband þeirra á milli og verkaskiptingu í söfnuðinum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. samhljóða þessu frv. var flutt á síðasta þingi, en náði ekki að verða afgreitt og er því flutt aftur nú, með því að sama þörf liggur enn fyrir og þá var. Rétt er að benda á, að á nýafstöðnum héraðsfundi Kjalarnessprófastsdæmis, sem Ofanleitisprestakall í Vestmannaeyjum hefur nú verið sameinað, var svo hljóðandi ályktun gerð mál þetta varðandi:

„Héraðsfundur Kjalarnessprófastsdæmis, haldinn í Hafnarfirði sunnudaginn 23. okt. 1955, lýsir yfir þeirri skoðun sinni, að óhjákvæmilegt sé, að 2 prestar þjóni í Vestmannaeyjum, m. a. vegna einangrunar Eyjanna og samgönguferfiðleika. Skorar fundurinn á hið háa Alþingi, sem nú situr, að samþykkja frumvarp, er fari í sömu átt og það, er Jóhann Þ. Jósefsson flutti á s. l. þingi.“

Til frekari skýringar fylgir hér greinargerð fyrir málinu, sú er því fylgdi á þinginu í fyrra:

„Frumvarp þetta er flutt samkvæmt eindregnum tilmælum frá 1237 mönnum búsettum í Vestmannaeyjum. Það er einnig borið fram í samræmi við óskir núverandi sóknarprests og sóknarnefndar, eins og fram kemur í vísitazíu biskups, er fram fór í Vestmannaeyjum hinn 13. febrúar s. l. Þar segir svo: „Sóknarprestur og sóknarnefnd eru sammála um það, að æskilegt sé, að tveir þjóðkirkjuprestar verði í Vestmannaeyjum til enn meiri eflingar kirkjulegu starfi og kristilegri menningu.“

Samkvæmt upplýsingum hagstofunnar var íbúatala í Vestmannaeyjum hinn 1. des. s. l. 4056, en á vetrarvertíð er þar, sem kunnugt er, hinn mesti sægur aðkomufólks. Vegna legu eyjanna er þar örðugra að fá þjónustu nágrannapresta í forföllum sóknarprests en annars staðar á landinu. Styrkir þetta enn nauðsyn þess, að tveir sóknarprestar séu þar starfandi. Var og svo fram á 19. öld, eða þar til Vestmannaeyjar voru gerðar að einu prestakalli með konungsbréfi 7. júní 1837.

Þess skal að lokum getið, að frumvarp þetta er stutt af biskupi landsins og auk þess hefur kirkjumálaráðherra tjáð sig vinveittan því.“

Nánar í framsögu.